

Skipulagsstofnun
Sigurður Ábjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 28. nóvember 2016
UST201611-094/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka – Stapafell. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.


Um er að ræða framhald efnistöku í Stapafelli sem staðið hefur yfir um áratuga skeið. Tvö fyrirtæki stunda nú efnistöku í Stapafelli. Hér er eingöngu til umfjöllunar sá hluti námunnar sem fyrirtækið Ístak hefur til umráða.

Að mati Umhverfisstofnunar dregur það verulega úr gildi umfjöllunar um umhverfisáhrif efnistökkunnar s.s. sjónræn áhrif og áhrif á landslag að ekki skuli vera unnt að fjalla um heildar áhrif efnistökkunnar á þá jarðmyndun sem efnistakan fer fram í.

Umhverfisstofnun telur að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar eigi að gera grein fyrir ásýnd svæðisins ef svo færi að allt fjallið hyrfi. Einnig ætti að gera grein fyrir verndargildi þeirra jarðmyndana sem Stapafell er hluti af og enn eru óraskaðar og þeim möguleikum til efnistöku sem talið er að fyrir hendi séu að efnistöku í Stapafelli lokinni.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri